



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Fréttir



Tölublað 234

Janúar 2009

Vorönn 2009 hefst með svipuðum hætti og vorannir gera, en þó er sá munurinn að hún er fjölmennari en áður, rétt eins og haustönn síðasta var fjölmennari en nokkurn tíma í sögu skólans. Margir sóttu um skólavist, bæði nemendur sem voru í skólanum og aðrir sem ekki voru í skóla. Ekki var hægt að verða við öllum umsóknum og ljóst að baráttan um sæti í skólanum harðnar með hverju árinu sem líður. Ástandið í samfélaginu veldur því að auki að við verðum að fara sérstaklega vel með fjármagn og verðum að gæta að hverri krónu.

Það er því nauðsynlegt að kynna sér þær reglur sem gilda í skólanum um námsárangur, skólareglur og skólasókn. Í því samhengi minni ég sérstaklega á að skólasókn getur aflað mönnum eininga og þannig flýtt þeim leið í náminu. Þetta nýta fjölmargir nemendur sér meðan aðrir kjósa að tapa einingu og vinna upp með aukaáföngum.

Að þessu sögðu bjóðum við ykkur öll hjartanlega velkomin til starfa og vonum að ykkur farnist vel í náminu í vetur.

Magnús Þorkelsson

Starfsfólk Flensborgarskólans óskar
þér gleðilegs árs
og vonar að nýtt ár verði þér



Skiptibókamarkaður

NFF stendur fyrir skiptibókamarkaði næstu daga. Opnunartími verður auglýstur sérstaklega. Við hvetjum þig til að nýta skiptibókamarkaðinn.

Skólareglur Flensborgarskólans

1. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga að mæta stundvíslega til starfa.
2. Nemendum og starfsmönnum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og lóð skólans og fara vel með húsmuni og tækjabúnað.
3. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans.
4. Algjört bann er við reykingum og annarri tóbaksnotkun í húsnæði og á lóð skólans.
5. Neysla matvæla er óheimil í kennslustundum, á bókasafni og í tölvuverum skólans.
6. Nemendum og kennurum ber að skila kennslustofum snyrtilegum í lok kennslustundar.
7. Notkun farsíma er bönnuð í kennslustundum.
8. Nemendum og kennurum ber að sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi.
9. Kennari er verkstjóri í kennslustund. Allir þeir sem tíma sækja eiga að geta notið kennslunnar í friði.
10. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans.

Nemendur skulu fylgjast reglulega með tilkynningum á auglýsingatöflum, vef og innra neti skólans.

Brot á reglum skólans getur valdið brottvísun.

Efnisgjöld

Þeir sem eru í áföngunum LKN 112/122, MAT og MYN greiða efnisgjald á skrifstofu skólans í upphafi annar.

- LKN 112/122 kr. 2.000
- MAT kr. 6.500
- MYN kr. 3.500.

Innifalið í gjaldi fyrir LKN er mappa sem fæst hjá kennara gegn framvísun kvittunar frá skrifstofu

Sendir hafa verið út greiðsluseðlar til að innheimta endurinnritunargjöld



FRESTUR TIL AÐ SÆKJA UM P-NÁM RENNUR ÚT 9. JANÚAR

Niðurstaðan verður birt 16. janúar. P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir 24.janúar til að ganga frá samningi annars dettur heimild um P-nám niður.

**Einungis lítill hópur nemenda getur fengið
P-nám. Einhverjum verður vísað í fjarnám.
STÚDENTSEFNI ERU HVÖTT TIL AÐ SÆKJA
UM TÍMANLEGA.**

Reglur um P-nám

I. Skilyrði fyrir P-námi

- 1 Nemandi sem fær 9 eða hærra í námsgrein getur fengið að taka næsta áfanga í sömu grein sem P-áfanga.
- 2 Nemandi sem við síðasta annarpróf hefur fengið 9 eða hærra í a.m.k. 6 einingum (að frádregnum einingum sem einkunn var 4 eða lægri í) getur fengið að stunda P-nám í öðrum áföngum en um getur í 1. grein.
- 3 Nemandi sem hyggst ljúka námi á næstu tveimur önnum og vantar fáar einingar til að geta það með eðlilegu töfluálagi getur fengið að stunda P-nám án tillits til einkunnar, enda hafi hann staðist a.m.k. 15 einingar eða 5 áfanga næstu önn á undan.

II. Takmarkanir á P-námi

- 4 Enginn nemandi getur þó fengið að taka P-áfanga nema hann sé með a.m.k. 33 kennslustundir í töflu. Undantekningar frá þessu skulu því aðeins gerðar að um sé að ræða töfluárekstur milli tveggja áfanga sem hvorugum megi fresta vegna námsloka nemandans.
- 5 Ekki er heimilt að vera með nema einn P-áfanga samtímis í sömu námsgrein.
- 6 Aldrei skulu P-áfangar samtímis nema meira en 6 einingum, nema á síðustu önn nemandans. Þá má bæta við einum áfanga.

7 Heildarfjöldi nemenda í P-nám er takmarkaður.

III. Framkvæmd á P-námi.

- 8 P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir 23.jan.
- 9 Í kennsluáætlunum er skilgreint hvaða verkefnum P-nemendur eiga að skila og jafnframt hvort um viðbótarverkefni er að ræða eða ítarlegra próf í annarlok. **P-nemendur hafa ekki rétt á að sækja kennslustundir í áfanganum.**

Dagatal vorannar er á heimasíðu skólans!



Skóreglan!

Allir nemendur og starfsmenn eiga að nota inniskó í skólanum.

Passaðu dótið þitt

Skólinn ber ekki ábyrgð á skóm í anddyrinu. Því miður hefur aðeins borið á því á haustönn að þjófar hafi verið á ferð í skólanum. Það er tvennt sem þarf að skoða í þessu. Annað er að þú verður að passa dótið þitt. Þú getur leigt skáp fyrir hlutina þína og hitt er að við verðum að hjálpast að við að koma í veg fyrir þjófnaði því við viljum að skólinn sé öruggur staður fyrir okkur.



Best er að merkja dótið sitt og hirða um dótið sitt en skilja það ekki eftir hvar sem er. Þá er til í skólanum ótrúlega mikið af fötum sem enginn vill eiga... Sumt af því eru mikil verðmæti.

Bókasafn skólans er opið:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00 - 16:30

Föstudaga kl. 8:00 - 16:00

Skrifstofa skólans er opin:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00 - 15:30

Föstudaga kl. 8:00 - 14:30

Ef endurnýja þarf lykilorð að skólanetinu, námsnetinu og INNU þá má snúa sér til skrifstofunnar. Einnig sér skrifstofan um úthlutun á skápum.

Starfsmenn

Í meðfylgjandi skrá eru taldir upp allflestir starfsmenn í skólanum, skammstöfun á nafni þeirra eins og hún birtist á stundatöflum nemenda, kennslugreinar þeirra á vorönn 2009 eða störf. Netföngin má finna á heimasíðu skólans.

Nafn	Starf
Adda María Jóhannsdóttir	ENS
Anna Guðrún Magnúsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Anný Gréta Þorgeirsdóttir	JAR NÁT
Axel Pétur Gylfason	Kerfisstjóri
Árni Sverrir Bjarnason	ÍSL
Ása Katrín Hjartardóttir	DAN
Ásdís Unnur Bergþórsdóttir	Þjónustuliði
Ásrún Óladóttir	LAN
Ásta K. Pálmadóttir	STÆ
Baldur Hermannsson	EDL NÁT
Berglind Gunnarsdóttir	ENS
Bergljót Gunnlaugsdóttir	Forstöðumaður bókasafns
Birgir Loftsson	SAG
Birgitta Dröfn Jónasdóttir	þjónustuliði
Bryndís Jóna Jónsdóttir	Verkefnisstjóri
Bryndís Símonardóttir	Starfsbraut
Dagrún Steinunn Ólafsdóttir	STÆ
Danielle Bisch	STÆ
Díana Guðjónsdóttir	ÍÞR LKN
Edda Guðgeirsdóttir	ÍÞR
Einar Birgir Steinþórsen	Skólameistari
Elsa Anna Bessadóttir	Bókavörður
Erla Ragnarsdóttir (í leyfi)	SAG FÉL
Eygló Hjaltadóttir	Fjármálastjóri
Eygló Jónsdóttir	ENS
Eyrún Ósk Jónsdóttir	LEI
Fjóra Rögnvaldsdóttir	MYN
Freyja Auðundsóttir	ÍSL
Friðrik Olgeir Júlíusson	STÆ
Friederike Berger	Stuðningsfulltrúi
Guðbjörg Hildur Kolbeins	FJÓ
Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir	SÁL
Guðmunda Birgisdóttir	SÁL UPP
Guðmundur Garðar Brynjólfsson	ÍÞR ÍÞF Félagslífsfulltrúi
Guðný Árnadóttir (í leyfi)	FRA
Guðný Kristmundsdóttir	Mötuneyti
Guðrún Á. Guðmundsdóttir	FJT FJÓ TEX
Guðrún Hafdís Eiríksdóttir	STÆ NÁT
Guðrún Jónsdóttir	ENS
Guðrún Ósk Barðadóttir	Ræstingastjóri
Hafdís Ólafsdóttir	Forstöðumaður mötuneytis
Halldór Árni Sveinsson	FJT MOF
Halldóra Jóhannesdóttir	EFN NÁT
Helga Valtýsdóttir	Námsráðgjafi
Hildigunnur Guðlaugsdóttir	Fulltrúi
Hildur Einarsdóttir	EFN NÁT
Hjördís Bergsdóttir	Sérkennsla
Hólmfríður Sigþórsdóttir	LÍF NÁT
Framhald =>	



Hrafnhildur Blomsterberg	Kórstjóri
Hrafnhildur Jósefsdóttir	Forstöðumaður starfsdeildar
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson	FÉL LKN Forvarnafulltrúi
Hrefna Geirsdóttir	Áfangastjóri
Hrefna Steinarsdóttir	ÍSL LKN
Hreinn Sæmundsson	Húsvörður
Inga Jóna Þórisdóttir (í leyf)	LAN NÁT
Jenný Guðmundsdóttir	Mötuneyti
Jóhann Guðjónsson	LÍF NÁT
Jón Barðason	SAG
Katharina Helene Gross (í leyf)	Stuðningsfulltrúi
Kári Árnason	ENS
Kristín Magnúsdóttir	FÉL LKN
Kristín Másdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristján Rafn Heiðarsson	MAT
Lilja Héðinsdóttir (í leyfi)	ENS
Magnús Gíslason	TÖL Vefstjóri
Magnús Þorkelsson	Aðstoðarskólameistari SAG
Margrét Böðvarsdóttir	ÞÝS
María Halldóra Alexandersdóttir	þjónustuliði
Matthildur Kristrún Friðjónsd	þjónustuliði
Ólína Rakel Þorvaldsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Pálfríður Bjarnadóttir	Mötuneyti
Páll Jakob Malmberg	ENS
Ragnheiður H. Kristjánsdóttir	DAN
Sigríður Friðriksdóttir	Námsferilsstjóri JAR
Sigríður R. Birgisdóttir	SPÆ LKN
Sigrún Jónsdóttir	þjónustuliði
Sigrún Karlsdóttir	fulltrúi
Sigurbjörg Anna Guðnadóttir	STÆ
Sigurbjörg Eðvarðsdóttir	FRA
Sigurður B. Jónsson	ÞÝS
Símon Jón Jóhannsson	ÍSL
Snædís Baldursdóttir	ÍSL
Stefán Örn Valdimarsson	HAG ROG VIÐ
Steinhildur Hildimundardóttir	BÓK HAG ROGAV STÆ
Sunna Þórarinsdóttir	Námsráðgjafi
Svana Björk Karlsdóttir	Sérkennsla
Sveinn Alfreðsson	Sérkennsla
Sveinn Þórðarson	ÍSL
Tamara Iljinichna Soutourina	ENS
Thelma Björk Sigurðardóttir	SPÆ
Torfi Kristinsson (í leyfi)	TÖL
Unnar Örn Þorsteinsson	ENS LKN
Viðar Steingrímsson	DAN
Xavier Rodríguez	Fjölmíðun
Þiðrik Kristján Emilsson (í leyfi)	FJT MOM LLF
Þórunn Andrésdóttir	NÁM Sérkennsla Ráðgjafi vegna námserfðileika.

Breytingar á starfsliði skólans:

Anna K. Brynjúlfssdóttir lét af störfum um áramót vegna aldurs. Þá fór Anný Gréta Þorgeirsdóttir í barneignleyfi. Við sendum þeim okkar bestu kveðjur og óskum þeim alls hins besta. Adda María Jóhannsdóttir er boðin velkomin úr launalausum leyfi en að auki koma til starfa Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir sálfræðikennari, Thelma Björk Sigurðardóttir spænskukennari, Marteinn Einarsson og Samúel Örn Erlingsson í fjölmíðlagreinar. Þeim er öllum vel fagnað!



FL ENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Að hætta í áfanga á önninni

Hægt er að hætta í áfanga til **12 janúar** án þess að greiða endurinnritunargjald. Eftir þann tíma er ekki hægt að segja sig úr áfanga án þess að greiða gjald við upphaf næstu annar. Gjaldið er 500 kr. fyrir hverja námseiningu en gæti hækkað í vor. Nemandi sem ákveður að hætta í þriggja eininga áfanga þarf því að greiða 1500 kr. Úrsögnin er unnin þannig að nemandinn snýr sér til námsráðgjafa og fær samþykki skólaráðs fyrir úrsögn. Ekki er hægt að skrópa sig úr áfanga nema eiga brottrekstur úr skóla í vendum.

Fjarvistir í viðkomandi áfanga halda áfram að telja þar til úrsögnin hefur verið staðfest af umsjónarkennara.

**Eindagi til að segja sig úr áfanga á vorönn 2008 er
25. janúar**

Eftir eindaga þarf úrsögn að fara fram í gegnum námsráðgjafa og skólaráð.

Hjálparsamtök þakka nemendum skólans fyrir fatnað sem þeir hafa gefið með því að skilja hann eftir í skólanum í tvö ár...

KÓR FLENSBORGARSKÓLANS

Kór Flensborgarskólans er einn af bestu skólakórum landsins í dag. Tónleikaferðir innanlands og –utan eru stór þáttur í starfi hans og er þátttaka í kórstarfinu metin til 3ja eininga á ári.

**Skráning og inntaka nýrra félaga fer fram miðvikudaginn
9.janúar kl. 11:30 - 14:00 í stofu H 101**

Við verðum að gæta að gönguleiðum innandyra og utan!
Skór og töskur eiga ekki að stífla ganga og bílar ekki að loka aðkomu og gangstéttum.



**Það er nóg af bílastæðum.
Vöndum okkur við að leggja, virðum
reglur og forðumst hraðakstur.**

Hraðtafla Þriðjudaginn 6. janúar

Tími í dag: Tími vanalega: Stokkur:

11.00-11.15	Mánudagur kl. 8.05	A
11.20-11.35	Mánudagur kl. 9.10	B
11.40-11.55	Mánudagur kl. 10.30	C
12.00-12.15	Mánudagur kl. 11.35	D
12.20-12.35	Mánudagur kl. 13.10	E
12.40-12.55	Mánudagur kl. 14.15	F
13.00-13.15	Mánudagur kl. 15.20	G
13.20-13.35	Þriðjudagur kl. 11.35	H

Töflubreytingar

Hægt er að sækja um að fá breytingu á stundatöflum 5. og 6. janúar. Þú skráir þig í viðtal og talar við starfsmann skólans. Hver nemandi á einungis rétt á einu viðtali. Öllum breytingum skal lokið fyrir 9.janúar.

Stokkataflan hefur breyst!

Tíminn	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
8:05 - 9:05	A	Fundur	F	A	G
9:10 - 10:10	B	G	E	B	F
10:30 - 11:30	C	E	H	C	E
11:35 - 12:35	D	H	D	D	H
13:10 - 14:10	E	D	C	H	C
14:15 - 15:15	F	A	B	G	B
15:20 - 16:20	G	A	Umsj.- tími	F	Fundur